



Fræðslufundur

Skattafrádráttur vegna hlutabréfakaupa

||| Myrkur Games

Almenn Kynning

- Halldór Snær Kristjánsson
- Framkvæmdastjóri og meðstofnandi **Myrkur Games**.
- Setið í stjórn **Icelandic Game Industry** frá 2019.



Myrkur Games

- Myrkur Games er stofnað 2016 og er íslenskur tölvuleikjaframleiðandi.
- 3 stofnendur sem kynnast í Háskóla Reykjavíkur.
- Startup Reykjavík, Gulleggið, Tækniþróunarsjóður.
- Í dag erum við 25 starfsmenn. Aukning í 35 starfsmenn fyrir sumar 2022.
- Nánast alfarið sérhæfð hátækni- og hálaunastörf sem koma að þróunstarfi.
- Fyrirtækið er fjármagnað til langstíma.
- Fjárfestar, vísisjóðir og alþjóðlegur leikjaútgefandi.



Tölvuleikurinn

- Hasarævintýraleikur sem nefnist **Echoes of the End** (eða "Echoes").
- Verður gefinn út á borðtölvur, PS5 og Xbox X/S.
- Útgáfudagsetning ekki orðin opinber.
- Umfangsmikið verkefni sem er mörg ár í þróun og þarf mikið fjármagn til að komast af stað.
- Stórt tækifæri í tækni og á markaði.
- Útgefandi er **Prime Matter** (Koch Media) sem sér um markaðssetningu, gæðastýringu, þýðingu, dreifingu og fleira á heimsvísu.
- Íslenskt hugverk.



Rekstrarumhverfið

- Fjölmargar áskoranir í heimsfaraldri.
- Erfitt að reka nýsköpunarfyrirtæki á Íslandi.
- Samkeppnishæfni samanborið við önnur lönd þarf að vera betri.
- Leikjaiðnaður í vexti, 30% aukning í störfum á rúmu ári – í miðjum faraldri.
- Lykilatriði hefur verið bætt rekstarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja í kjölfar faraldurs.

Meðbyr fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki:

- Tækniþróunarsjóður
- R&D endurgreiðslur
- Skattafrádráttur vegna hlutabréfakaupa
- Skattafsláttur fyrir erlenda sérfræðinga



Áskoranir í fjármögnun

- Helsta áskorun og hindrun í vexti nýsköpunarfyrirtækja er skortur á aðgengi að fjármagni.
- Sérstaklega vantar fjármagn á grunnstigum (early stage funding/pre-seed).
- Getur kostað tugi eða hundruði milljónir að komast á stig þar sem langtímafjármögnun frá vísissjóð er raunhæft.
- Erfitt að komast á það stig hérlendis.
- **Vandamál fyrir nýsköpun.**

Algengur fjármögnunarferill fyrirtækis

1. Stofnun félags

2. Eigið fjármagn og styrkir

3. Englafjárfestingar (FF/Angel Round/Pre-Seed)

4.-X Vísissjóðir (Seed, Series A-B-C-D..)

X. Félag sett á markað eða selt (Exit/IPO/Acquisition)

Ath.: Aðrar leiðir eru einnig algengar

Skattafrádráttur vegna hlutabréfakaupa

Heimilt er að uppfylltum skilyrðum að draga frá tekjuskatts- og/eða fjármagnstekjuskattsstofni einstaklinga **hluta af fjárhæð sem varið er til kaupa á hlutabréfa.**

- Fyrirtæki þurfa að uppfylla viss skilyrði og tilkynna hlutafjárukninguna.
- Einstaklingar geta nýtt **75%** af fjárfestingarupphæð í frádrátt af skattstofni.
- Hámark **15 m.kr.** á ári fyrir einstaklinga.

Mikilvægur hvati fyrir einstaklinga sem eru að íhuga fjárfestingar í sprotafyrirtækjum.

Ásgeir Skorri (KPMG) fjallar frekar um ferlið og skilyrði sem þarf að uppfylla.



Okkar reynsla

- Við höfum nýtt þetta með góðum árangri meðal fagfjárfesta og starfsfólks.
- Ekki erfitt að sækja um sem sprotafyrirtæki.
- Við kynntum þetta fyrir okkar fjárfestum.
- Skipti vissulega sköpum í viðræðum.
- Hjálpaði okkur að ná inn fjármagni á örlagaríku tímabili í uppbyggingu félagsins.



Hvati sem virkar

- Hagkvæmt og áreiðanlegt fyrir fjárfesta og fyrirtæki.
- Styður rétt við nýsköpunarfyrirtæki.
- Markaðurinn velur fyrirtækin.
- Lækkuð áhætta dregur að nýja fjárfesta.
- Skilar sér margfalt til þjóðarinnar.

Hvetur fleiri til að taka þátt í fjárfestingum í nýsköðunarfyrirtækjum sem mögulega hafa ekki gert það áður.



Mikilvægi hringrásarinnar

- Það er gífurlega mikilvægt að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum og hugverkaiðnaði til að skapa ríkar gjaldeyristekjur, skapa þekkingu og mynda fleiri hálaunastörf.
- Þurfum samkeppnishæft fjárfestingar- og rekstrarumhverfi til að fyrirtæki verði hér til og endist.
- Við erum þegar að sjá jákvæð áhrif lagasetninga, en það er mikilvægt að halda áfram að gera betur.
- Viss hætta að missa tækifærin úr greipunum ef ekki er stuðlað að sterku umhverfi.

Samanburður við Bretland

Seed Enterprise Investment Scheme (SEIS)

- 25 starfsmenn eða færri en þá geta fjárfestar fengið allt að 86,5% af fjárfestingunni til baka

Enterprise Investment Scheme (EIS)

- Stærri fyrirtæki sem eru með allt að 250 starfsmenn en þá geta fjárfestar fengið allt að 61,5% til baka af fjárfestingunni gegnum skattkerfið

- Breska skattahvatakerfisins sem hefur hlotið hæstu einkunn í úttekt Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á slíkum kerfum í Evrópu
- Einn þriðji hluti af allri fjárfestingu í nýsköpun í Evrópu á sér stað í Bretlandi.
- Meira en helmingur af allri fjármögnun nýsköpunarfyrirtækjum á Bretlandi frá englum og fjársterkum einstaklingum

Til viðbótar við skattaafsláttinn býður breska kerfið fjárfestum að sleppa við fjármagnstekjuskatt og sérstakan afslátt af öðrum fjármagnstekjum. Auk þess býður breska kerfið upp sérstaka afslætti **ef fjárfesting tapast** að hámarki **22,5%** vegna minni fyrirtækja og **31,5%** vegna stærri fyrirtækja. **Engin sambærileg ákvæði eru í íslenska kerfinu.**

Samanburður við Bretland (II)

Íslensk nýsköpunarfyrirtæki eru ekki að nota skattahvatakerfið í sama mæli og í Bretlandi. Ástæðurnar eru líklegast tvær:

- Annars vegar eru bresku hvatarnir mun meiri, og;
- Hins vegar er hið íslenska kerfi tiltölulega nýtt, lítt þekkt, og var framan með of íþyngjandi kröfur.

Íslenska ríkið getur stuðlað að meiri nýsköpun í landinu með því að líkja eftir því sem gert hefur verið í Bretlandi í gegnum stuðning við englafjárfestingu. Það kerfi hefur náð einna mestum árangri í Evrópu.

Samantekt

Hvet nýsköpunarfyrirtæki til að kynna sér þetta úrræði vandlega og nýta sér það ef mögulegt er.

Þetta frábær hvati fyrir einstaklingsfjárfesta og getur verið stökkpallur fyrir þá sem ekki hafa fjárfest áður í sprotafyrirtæki.

Ég vonast til að þetta verði gert enn betra, að frádráttarhlutfallið verði breytt úr 75% yfir í **100%**.



Myrkur Games

PASSION – HUMILITY – DIVERSITY – EQUITY

Halldór S. Kristjánsson
CEO & Game Director
halldor@myrkur.is

Myrkur Website | [Link](#)
Press Kit | [Link](#)
Icelandic Game Industry Report | [Link](#)
Embracer Group | [Link](#)